

089/01 - Tjaldur SH 270

Tjaldur SH 270, skipverji slasast þegar honum skrikaði fótur á hálu dekki

Tjaldur SH 270

Skipaskr.nr.: 2158

Smíðaður: Tomrefjörd Noregi 1992 Stál

Stærð: 412,00 brl; 688,00 bt

Lengd: 43,21 m **Breidd:** 9,00 m **Dýpt:** 6,80 m

Vél: Caterpillar 791,00 kW **Árgerð:** 1992

Annað:

Földi skipverja: 16



Atvikalýsing

Þann 26. ágúst 2001 var m.b. Tjaldur SH 270 á grálúðuveiðum. Veður:

Sex skipverjar voru við vinnu á vinnsludekki. Einn skipverja þurfti að komast yfir til stjórnborða en vegna fiskkara og fleiri hluta sem hindruðu greiða leið, þurfti hann að klifra yfir færiband. Þegar hann var kominn yfir færibaldið skrikaði honum fótur á sleipu dekkinu og féll með hægri öxl á tessa sem var á lúgu niður í lest.

Skipverjinn lauk ferðinni með skipinu, sem kom til hafnar 7. september. Við athugun kom í ljós að hann þurfti að gangast undir aðgerð.

Við rannsókn kom fram

- að ekki væri óvenjulegt að í gönguleiðum væri ýmiss búnaður.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli en minnir á mikilvægi þess að gönguleiðum sé haldið hreinum og án hindrana.